

## Skilmálar Instagram leiks VITA

### Þátttaka í leiknum

1. Til þess að skrá sig til leiks þarf þátttakandi að deila mynd á Instagram reikning sinn af ferðalagi og merkja myndina með merkinu #njótameðVITA.
2. Nauðsynlegt að fylgja VITA á Instagram yfir tímabil leiksins.
3. Til þess að koma til greina sem sigurmynd þá þarf myndin að innihalda frí af einhverjum af sólar áfangastöðum VITA. Þeir eru; Alicante, Tenerife, Kanarí, Mallorca og Krít.
4. Til þess að taka þátt þarf þátttakandi að hafa aðgang að interneti og vera með Instagram reikning undir sínu nafni.
5. Með því að taka þátt í leiknum gefur þátttakandi VITA leyfi til að hafa samband við sig með síma, tölvupósti eða öðrum leiðum í upplýsinga- sölu- eða markaðslegum tilgangi.
6. Skráningar í leikinn (myndir með merkinu #njótameðVITA) falla undir reglur Instagram, en þær er hægt að nálgast á vefsíðu þeirra [www.instagram.com](http://www.instagram.com).
7. Sama manneskjan má taka eins oft þátt í leiknum og hún vill. Óþarfi er að tvískrá sömu myndina.
8. Athugið að myndir verða að vera einstakar, í 100% eign þátttakanda og mega ekki brjóta á höfundarétti, eða rétt þriðja aðila.
9. Þær skráningar sem teljast óviðeigandi eiga ekki möguleika á að fá vinning. Með óviðeigandi er meðal annars átt við, en ekki eingöngu, myndir sem innihalda hatursefni, ofbeldi, niðurlægingu og fleira.
10. Myndir mega ekki hafa verið notaðar áður í markaðslegum tilgangi eða af öðrum aðila en þátttakenda.
11. VITA ber ekki ábyrgð á þeim myndum, eða efni þeirra, sem skráðar eru til leiks.
12. Til þess að teljast sem gild skráning þá þarf þátttakandi að pósta myndinni inn yfir tímabil leiks. Þ.e ekki er nóg að merkja gamla mynd með merkinu #njótameðVITA

### Tímabil leiks

1. Leikurinn mun byrja þann 10. júlí og vera opinn til 27. ágúst.
2. Skráningar utan fyrr nefnds tímabils eru ekki teknar sem gildar skráningar
3. VITA áskilur sér rétt til að stytta eða lengja leikinn eftir þörfum.

### Vinningur

1. Það er aðeins 1 sigurvegari í leiknum
2. Vinningurinn er frí með VITA í haust, frá 1. september – 15. desember 2018, til Tenerife í 7 nætur.
3. Hámarks verðmæti ferðar er 400.000 kr.
4. VITA áskilur sér rétt til að nota vinningsmyndina í öllu markaðsefni sýnu allavega í 24 mánuði eftir að leik lýkur, án frekari greiðslu til sigurvegara.
  - a. Vinningshafi hefur rétt á að neita VITA um að nota myndina í markaðsefni sitt. Hann er þá að fyrirgera rétti sínum á vinningnum. Þá er nýr vinningshafi valinn.
5. Vinningshafi má óska eftir að breyta vinning að því gefnu að ferðatímabilið sé á árinu 2018 og að samþykki VITA. Ekki er hægt að ferðast yfir jól eða áramót.
6. Vinningshafi og gestir bera fulla ábyrgð á öllum þeim áhættum sem tengjast því að ferðast frá Íslandi, á áfangastað og aftur heim. Ef eitthvað kemur upp á, þá ber VITA ekki ábyrgð á því. VITA mælir því með að vinningshafi sé tryggður fyrir brottför.

7. Vinningshafi verður valinn af dómnefnd VITA. Í dómnefnd eru markaðstjóri VITA, markaðsfulltrúi og deildarstjóri úrvinnslu.
8. VITA áskilur sér rétt til að nota myndir sem berast í leikinn í markaðsstarf sitt, í sölualegum tilgangi, án samþykkis eða fyrirvara þátttakanda.
9. VITA áskilur sér rétt til að fjölga vinningum í leiknum.

#### Nálgast vinning

1. VITA mun hafa samband við vinningshafa til að byrja með því að gera athugasemd við myndina.
2. Eftir að VITA hefur gert athugasemd við myndina þá hefur vinningshafi 1 viku til að nálgast vinningin. Ef ekki er svarað innan þess tíma þá áskilur VITA sér rétt til að velja annan sigurvegara og mun sá fyrri vera ógildur og ekki hljóta vinning.

#### Annað

1. VITA mun ekki nota eða safna neinum frekari persónuupplýsingum en tengjast því beint að taka þátt í leiknum. VITA mun ekki halda utan um skráningar á neinn hátt nema undir Instagram og merkinu #njótameðVITA.
2. Allir þátttakendur geta afskráð sig úr leiknum með því að eyða myndinni eða með því að eyða merkinu #njótameðVITA á myndinni sem skráð er til leiks.
3. Allir þátttakendur geta afskráð sig sem fylgjendur VITA þegar þeir vilja eftir eða á meðan á leik stendur.
4. VITA ber ekki ábyrgð ef aðrir aðilar nota myndirnar sem berast í leikinn í sínu markaðsefni.
5. Leikurinn er ekki tengdur Twitter eða Instagram á neinn hátt. Þau, eins og VITA, bera ekki ábyrgð á því efni sem berst inn undir merkinu #njótameðVITA
6. VITA mun tilkynna um sigurvegara á Facebook og á Instagram og hugsanlega á fleiri stöðum.